



„ERNESTO“ með Ordóñez feðgunum. Faðirinn, „El Niño de la Palma“, var fyrirmynd nautabansins í „And The Sun Also Rises“, en síðasta bók Hemingways „The Dangerous Summer“ fjallar um Antonio sumarið 1959, þegar þessi mynd var tekin.



JARÐNESKAR leifar Orson Welles hvíla á búgarði Antonios Ordóñez í Ronda. Þessa mynd tók Miguel Martín í Ronda 1964. Nautabaniinn lengst til vinstri er Julio Aparicio, „meistari“ Antonios er hann tók *alternativa* í Madrid og varð fullgildur *torero* 19 ára að aldri.

# Nautabani aldarinnar

LIÞANDI goðsögn“ er enginn orðaleppur þegar talið er um Antonio Ordóñez. Hann ber höfuð og herðar yfir alla aðra menn í listgrein sinni, nautaati, mesta „séní“ heimsins á sínu sviði á tuttugustu öldinni líkt og t.d. landar hans Pablo Picasso, Pablo Casals og André Segovia, sem allir eru látnir. En Antonio Ordóñez lifir. Hann lifir eins og kóngur og ríkir yfir nautahringnum í heimabæ sínum Ronda, vöggu nautaatsins, elsta nautahring Spánar, sem er þjóðargersemi eins og Ordóñez sjálfur. Starfsævi nautabansins er stutt, líkt og ballettdansara. Þótt þessi „gran maestro“ sé ekki nema 65 ára, er einn og hálfur áratugur síðan hann lagði *múlettuna* og sverðið á hilluna.

„Ég hef bara einu sinni áður hitt Íslending“, segir Don Antonio við mig er við heilumst í hliði *Plaza de Toros* í Ronda. „Hann var *aficionado* (nautaatsunnandi) eins og þú. Varst það kannski þú?“ spyr hann og horfir á mig, í senn rannsakandi og sposkur. Það stendur heima að ég spjallaði við hann nokkrar mínútur fyrir næstum aldarfjórðungi á kaffihúsi í Fuengirola á Costa del Sol þar sem hann var í fylgd með sameiginlegum kunningja okkar. Hann hefur auðvitað breyst, lífsháskinn horfinn úr svipnum og fjaðurmögnuð spennan úr limaburðinum. Þess í stað ber yfirbragð hans nú vott um ró og visku.

Þetta er laglegur maður, yfirlætislaus og hlýr í viðmóti, augun greindarleg og kímín. Klæðaval hans er einhvers staðar mitt á milli þess hefðbundna og frjálsega. Þannig birtist þessi *gran maestro* nautatsins mér einmitt sem persóna: Kurteis og gætinn en samt óþvingaður. Ég var viðbúinn því að samtalið okkar yrði stutt og mjög formlegt, því að margir höfðu sagt mér að hann forðaðist viðtöl og þyldi engar persónulegar spurningar. Það reyndist rétt að hann var ekki óþinskár um einkahagi og tregur að gera upp á milli nafngreindra nautabana, bæði lífs og líðinna. En það var ljóst að ég var velkominn, og hann hafði nægan tíma til að tala við mig eins lengi og mér þóknadist að staldra við þarna í Mecca nautaatsins. Mér finnst hinn rosni Don Antonio einstaklega viðfældinn maður.

Antonio Ordóñez Araujo er sonur Cayetanos Ordóñez Aguilera,

„Niño de la Palma“, eins af helstu nautabönunum sinnar tíðar, sem var m.a. fyrirmynd nautabansins í bók Hemingways „And The Sun Also Rises“.

Eldri bræður Antonios tveir voru báðir nautabani, sömuleiðis þrjú föðurbræður hans, svo að það kom líklega engum á óvart er hann gerðist *novillero* 17 ára gamall og stóðst svo með láði próf sem fullgildur nautabani, *alternativa*, í Madrid 1951. Næstu árin vakti ungi maðurinn frá Ronda mikla aðdáun allra *aficionados* fyrir hugdirfsku, listfengi og staðfasta virðingu fyrir sigildum þáttum þessa tilkomumikla dauðadans manns og dýrs, helgiathafnar sem á rætur í ævaforndri menningu Miðjarðarhafslanda.

## Átrúnaðargöð Hemingways

Þegar hinn ungi Antonio tók að hasla sér völl, voru aðeins fáein ár liðin frá því að dádasti *torero* Spánar á fyrri hluta aldarinnar, Manolete, var drepinn af nauti í hringnum. Frægð hans sveif yfir vötnunum, og enginn þótti standast honum snúning nema ef til vill Luis Miguel Dominguín, skærasta stjarnan í lífenda tölu, borðnautur greifa og hertoga, veiðifélagi Francos og elskhugi ýmissa helstu fegurðardísa hvíta tjaldsins, með Övu Gardner fremst í sviðsljósinu. Antonio kvæntist Carmen, systur Luis Miguels, og tók smám saman að veita honum harðnandi samkeppni um „heimsmeistaratitilinn“.

Í lok sjötta áratugarins var vart um annað talað í hópi *aficionados* en keppni máganna, og sumarið 1959 fékk bandaríska tímaritið *Life* Ernest Hemingway, þekktasta *aficionado* heims, til að ferðast um Spán með Ordóñez og skrifa um röð af nautaátum þar sem þeir tveir leiddu saman hesta sína og hvor sig reyndi að sanna yfirburði sína. Úr þessu ferðalagi varð til bókin *The Dangerous Summer*, hin síðasta sem Hemingway skrifaði.

Eftir þetta „hættulega sumar“ blandaðist fáum hugur um hver væri *el gran maestro* nautaatsins. Margir, þar á meðal Hemingway, gengu svo langt að fullyrða að Antonio Ordóñez væri mesti nautabani sem heimurinn hefði átt, að meðtöldum hinum fornfræga Pedro Romero, sveitunga hans frá Ronda. Erfitt mun að sanna eða afsanna slíkar fullyrðingar. En þegar ég, höfundur þessarar greinar, sá Ordóñez í fyrsta sinn etja naut, á

Strax sem ungur maður vakti Antonio Ordóñez mikla aðdáun fyrir hugdirfsku, listfengi og staðfasta virðingu fyrir sigildum þáttum nautaatsins, þessa tilkomumikla dauðadans manns og dýrs, helgiathafnar sem á rætur í ævaforndri menningu Miðjarðarhafslanda. Örnólfur Árnason heimsótti meistarann í Ronda, vöggu nautaatsins á Spáni.



STUND milli nauta. Á *Goyescuni* 1958.

*Goyesca-hátíðinni* í Ronda 1975, árlegu nautaati sem þá var orðið hið eina sem hann tók enn þátt í, var mér strax ljóst að þetta var einstök stund, líkt og öll fyrri reynsla mín af nautaati með mörgum helstu nautabönunum samtímans hefði aðeins verið undirbúningur eða forleikur. Nú loksins hafði ég séð nautaati.

Einn þekktasti leiklistargagnrýnandi aldarinnar, Bretinn Kenneth Tynan, lýsti slíkri tilfinningu vel í grein um Ordóñez, sem hann skrifaði eftir að hafa séð hann etja naut á *Goyesca-hátíðinni* í Ronda 1972: „Ef einhver vogað sér að segja að maðurinn, sem við höfðum verið að horfa á, væri ekki mesti listamaður veraldar, hefði ég líklega gefið honum á kjaftinn.“

## Nautaati er listgrein

Áður en ég fór að hitta Don Antonio drakk ég morgunkaffi með hálfmæðum heiðursmanni, Don Miguel Martín, ljósmyndara í Ronda, sem þekkt hefur flesta helstu nautabana þessarar aldar. Hann sagði m.a.:

„Ég hef tekið þúsundir mynda af nautaati og nautabönunum. En slíka list, sem Antonio Ordóñez sýndi, hef ég aldrei séð hjá neinum öðrum nautabana. Margir eru frábærir að hugdirfsku og færni, ég ætla ekki að gera lítið úr því, en þegar maður hefur séð Antonio með *capote* (þungu, bleiku og gulu skikkjuna) eða *múlettuna* (rauðu duluna) veit maður um leið að hann hefur hlotið einstaka náðargáfu í vöggugjöf.“

Aðspurður segir ljósmyndarinn: „El Niño de la Palma, faðir Anonios, var afskapleg fær nautabani með fagaðan stíl. Hann setti *banderillurnar* (fjaðurspjötin) sjálfur og gerði það betur en aðrir. Kannski var hann næstum eins frábær með *capa* eins og sonur hans, en með *múlettuna* hef ég aldrei séð neinn sem staðist gæti samjöfnuð við Antonio.“

Antonio Ordóñez átti drýgstan þátt í að auka hróður hins árlega nautaats, *Goyesca*, sem kennt er við listmálarann Francisco Goya því að búningar nautabanna og aðstoðarmanna þeirra eru í þeim stíl sem varðveist hefur í nautaatsmyndum Goya frá því í lok 18. aldar, sama tíma og nautahringurinn í Ronda var reistur. Fjöldi ferðarmanna leggur leið sína til Ronda, og þegar ég geng inn á harðan, gulgráan sandvöllinn ásamt Don Antonio eru þar tugir Japana, sem munda ljósmyndavélar sínar að bogadregnum steinbekkjum og



ANTONIO býður nauti byrginn „hættulega sumarið“ í Ronda 1959.



ANTONIO Ordóñez (t.h.) og Örnólfur Árnason ræða saman.



Á GYOESCA-hátíðinni í Ronda 1974. Frá vinstri: „El Niño de la Capea“, „Paquirri“ og Antonio Ordóñez. Búningar nautabananna eru gerðir eftir myndum Goya af nautaati fyrir tveimur öldum. Bleiku „kápurnar“ eru capotes. (Allar nautabanamyndir teknar af Miguel Martín).

súlnagöngum, hugfangnir af þessu fagra og kynngimagnaða mannvirki, en vita ekki að myndefnið „frægasti torero heims“ er í skotfæri við þá.

„Hér vildi Madonna filma í fyrra en þú lést það ekki eftir henni,“ segi ég og minni á deilu sem olli fjaðrafoki í heimsfréttum. Don Antonio vill sem minnst úr þessu gera en segir einfaldlega að hann og samstarfsmenn hans telji að varðandi nautahringinn í Ronda verði að draga skýr mörk hvað sé alvarleg list og hvað ekki.

Madonna þessi hafi ekki getað sannfært þá um að áform hennar hefðu þessum stað.

„Undanfarin ár hafa menn keppt um það hver um annan þveran, bæði hér á Spáni og í öðrum löndum, að heiðra þig á alla lund,“ segi ég. „Mitterrand sló þig til riddara frönsku heiðurfylkingarinnar og nú fyrir rúnum mánuði tókstu við úr hendi Juans Carlosar konungs æðstu viðurkenningu Listaakademiú Spánar. Hvernig líkar þér að láta hossa þér svona?“

„Mér þykir það gott eins og öllum,“ segi hann. „Viðurkenning Listaakademiunnar er kærkomin, ekki bara fyrir heldur fyrir nautaatið, því að þetta er fyrsta opinbera viðurkenningin á því héraðslendis að *tauromaquia* sé listgrein.“

### Háski og hugdirfska

Við göngum inn á skrifstofu Dons Antonios sem er undir áhorfendasvæði nautahringins, skammt frá aðalinnanganginum. Þetta er stórt, gluggalaust herbergi með einföldum en virðulegum antíkkhúsgögnum og málverkum af nautaati liðinna alda á veggjum. Tölvur, faxtæki og annar tæknibúnaður nútímans er geymdur hjá ritaranum í innra herberginu. Það er ekki einu sinni sími á gljábónuðu eikarskrifborði forstjórans.

„Er þér sama þótt ég reyki?“ spyr hann og kveikir sér í sigarettu þegar ég hef náðarsamlegast gefið leyfi mitt. Mér verður hugsað til

ljósmyndar í *The Dangerous Summer* af Antonio þar sem hann stillir sér upp á góðri stundu með logandi sigarettu svo að Hemingway geti skotið hana úr munnum á honum, sem betur fer með rifflum, ekki haglabýssu.

Hemingway lýsir Ordóñez þannig í Logroño 1959: „Ég fékk næstum kökk í hálsinn þegar Antonio byrjaði með *capa*. Hann starfði hreinn, fallegur, hættulegur og nær nautinu en nokkur getur gert, og hann mat hættuna upp á millimetra. Hann var í þetta skiptið að fást við 500 kg þungan tarf, sem renndi á hann með tvö lífshættuleg vopn á höfðinu, og veifaði

skikkjunni fram og til baka sér við mittisstað. Myndin sem hann bjó til af líkómnum tveim, ásamt hægri, leiðandi hreyfingu „kápunnar“ sem skildi þá að, var fegurri en nokkur höggmynd sem ég hef séð.“

Ég spyr um vit Hemingways á nautaati.

„Hann varð hugfanginn af nautaati á unga aldri og bar gott skyn á tækni þess og list,“ segir hann. „Sama má segja um ýmsa aðra útlendinga, til dæmis Englendinginn Rupert Belville sem var með Ernesto í Logroño.“

Einn frægur *aficionado*, var fóstbróðir hans, Orson Welles. Aska hans var samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá flutt í leirkrukku austur um haf og er varðveitt á búgarði Antonios Ordóñez í útjaðri Ronda.

Hemingway sagði um Antonio: „Hann sameinar þrjá höfuðkosti nautabanans: dirfsku, kunnáttu og þokka í návist lífsháskans.“ Ég minni á þessi ummæli fornvinar hans og spyr hvaða hæfileika hann telji mikilvægasta hjá nautabana.

„Það þarf náttúrulega að hafa þetta sem Ernesto telur upp,“ svarar hann með bros á vör og strákslegan glampa í augum. „En það er ýmislegt annað sem gerir útslagið á það hvernig maður stendur sig. Ef ég ætti að nefna þann eiginleika sem mér hefur gagnast best í starfi mínu þá er það hæfileikinn að geta sofði í bíl. Þegar maður etur naut dag eftir dag á

stöðum sem eru á víð og dreif um stórt og fjöllótt land, getur hver blundur í bílnum orðið til þess að bjarga lífi manns.“

Ég spyr þennan mann, sem er ófús að hæla sjálfum sér fyrir neitt stórbrotnara en að eiga gott með svefn, hvernig honum þyki nautabanan nútímans.

„Þeir eru margir ljómandi snjallir og hafa bæði til að bera nauðsynlega þekkingu og hugdirfsku. Stíllinn er mismunandi, rétt eins og áður fyrr. Sumir eru klassískir, aðrir eru veikir fyrir loddarabrögðum, sumir kjarkmiklir, aðrir hugdeigari. Svona hefur þetta alltaf verið og verður alltaf.“

Talið berst að lífshættunni sem fylgir nautaati. *El gran maestro* segir að auðvitað séu allir nautabananar dauðhræddir við nautin, enda viti maður vel að ekkert megi út af bera til að nautið sendi mann á sjúkrahús eða alla leið í gröfina. Spurningin sé hins vegar hvort nautabanninn geti, þrátt fyrir óttann, haldið ró og tign andspænis þessu hættulega dýri. Stundum stígur nautabanninn meira að segja fáeinir sekúndur yfir mörk ótta og dirfsku. Þá verða áhorfendur himinlifandi, og nautabanninn stoltur, ef hann sleppur lifandi. Antonio Ordóñez hefur orðið fyrir 32 hornstungum, *cornadas*. Sumar þeirra voru mjög alvarlegar. Tengdasonur hans, Francisco Rivera, öðru nafni „Paquirri“, sem var stórstjarna og einn eftirlætsnautabani minn, beið bana í hringnum fyrir áratug. Nautaati er dauðans alvara.

### Dóttursonurinn „Fran“ - arftaki Ordóñez?

Ég spyr Don Antonio hvernig hann hafi farið að því að rísa upp úr sjúkrarúmi, varla gróinn sára sinna og stundum haltur, til að ganga galvaskur sama dag fyrir 500-600 kg trylltan *toro* með stór, hárbeytt horn. Hvernig fór hann að þessu?

„Það er ekkert merkilegt við þetta,“ segir hann án þess að brosa.

„Kappakstursbílstjóri sem hlekkst hefur á, stekkur upp í annan bíl og spýtir í. Sjómaður leggur aftur út á hafið

þótt hann hafi orðið skippreika. Og skurðlæknir sem orðið hefur á handvömm og misst sjúkling, bitur á jaxlann og heldur áfram að skera. Eins með okkur nautabana, við vitum hver áhættan er, þetta er okkar atvinna og við höldum bara áfram.“

Það vakti athygli, þegar sólnautabannans „El Cordobés“ skein sem skæra, að Ordóñez og hann komu aldrei saman fram á nautaati. Kenneth Tynan sagðist ekki hýsa á þessu því að þeir væru jafnóhugsandi sem par á sýningu og t.d. Laurence Olivier og einhver sirkusloddari. Ég spyr Don Antonio hvort hann hafi aftekið að etja

naut ásamt „El Cordobés“? Hann neitar því og segir að framkvæmdastjórum þeirra tveggja hafi aldrei tekist að finna daga sem báðum hentaði. Ég sé að það muni veitast honum létt að víkja sér undan spurningum mínum, mannum sem er vanur að verjast háls tonns manngum nautum.

Mér verður heldur ekki mikið ágengt við að fá Don Antonio til að segja mér álit sitt á þeim nautabönnum sem ég held að séu bestir nú á dögum, svo sem José María Manzanares, Enrique Ponce, Javier Conde, Joselito, Jesulín de Ubrique og síðast en ekki síst Francisco Rivera Ordóñez („Fran“), dóttursyni hans, syni „Paquirris“.

Ég segi Don Antonio að ég hafi séð dótturson hans í *mano a mano* við Joselito í Marbella fyrir viku og litist sérlega vel á piltinn, þótt nautin hafi verið afspyrnuleg.

„Gæði nautanna er vandamál sem almennigur á ekki litla sök á,“ segir hann. „Mönnum finnst að nautin þurfi að vera svo þung, helst upp undir 600 kíló. Það þýðir einungis að þau eru feit og þung á sér og gefa nautabanninum lítil tækifæri.“

Ordóñez á við það að eftir eina eða tvær stungur frá *picadorunum* (með spjóti af hestbaki) skemma þessi hlussunaut oft fallegustu *verónikur* með því að hnjóta. Þau eru hættuleg og ráðast til atlögu eins og skriðdrekar, en það vantar allt það tígulega samspil sem léttara og sprækara dýr getur veitt góðum nautabana. Þá er ótalið hversu erfitt er fyrir nautabannann að teygja sig yfir hornin á þessum ferlíkjum og ná að reka sverðið upp að hjóltum í þann þínulitla blett milli herðablaðanna á dýrinu sem þarf að hitta til að það takist.

„Nú er ætt þín, *maestro*, að verða mesta *dynastía* nautabana sem til hefur verið,“ segi ég. „Ordóñezarnir skáka orðið Rómérunum sem gerðu garðinn frægan á

18. öld, þótt erfitt sé auðvitað að fá úr því skorið hvor ykkar Pedros Romero sé mesti nautabani sem heimurinn hefur alið. Þú hlýtur að vera stóttur af honum „Fran“, dóttursyni þínum, sem á

þig sem afa og allan þinn ættstofn, auk þess sem faðir hans var enginn annar en „Paquirri“ og ömmubróðir hans sjálfur Luis Miguel Domínguez. Hvílikt ættartré fyrir ungann *torero*!“

„Já, ég er sko montinn af honum Fran,“ segir Don Antonio Ordóñez og ljómar. „Það er ekki bara vegna þess að hann er nautabani og gefi afa sínum notalega tilfinningu um framhald lífsins og listarinnar, heldur vegna þess að hann er mjög góður nautabani, kannski frábær, sem gæti skipt máli í sögu nautaatsins. Og þú getur ímyndað þér hvað það er stórkostleg vitund á ævikvöldinu að eiga slíkan afkomanda.“

### Auðvitað eru allir nautabananar dauðhræddir við nautin